

Hagar hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar
1. mars til 30. nóvember 2020

Hagar hf.
Hagasmára 1
201 Kópavogur
Kt. 670203-2120

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Hagar hf. („félagið“) er verslunaryfirtæki með starfsemi á Íslandi en félagið er leiðandi á íslenskum matvöru-, sérvöru- og eldsneytismarkaði. Í lok tímabilsins starfrækti félagið 40 matvöruverslanir, 28 Olís þjónustustöðvar, 43 ÓB-stöðvar, tvær birgðaverslanir, þrjár sérvöruverslanir, tvö apótek, tvö vöruhús og tvær framleiðslustöðvar. Kjarnastarfsemi Haga er á sviði matvöru og tengdra vöruhúsa, auk eldsneytissölu.

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 30. nóvember 2020 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af samandregnum samstæðureikningi Haga hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar.

Rekstur tímabilsins og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var hagnaður af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 1.673 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 63.743 millj. kr. Eigið fé í lok tímabilsins nam 25.341 millj. kr. og var eiginfjárlutfall 39,8%.

Áhrif COVID-19 faraldursins á afkomu og stöðu samstæðunnar

Áhrifa faraldurs COVID-19 gætti á öllum sviðum rekstrar Haga á þriðja ársfjórðungi, sem einkenndist af áframhaldandi tekjuvexti í dagvöruhluta samstæðunnar en tekjusamdrætti hjá Olís líkt og undanfarna mánuði. Framlegð samstæðunnar var undir væntingum auk þess sem rekstrarkostnaður hefur hækkað vegna faraldursins. Afkoma desembermánaðar var umfram væntingar og má gera ráð fyrir að síðasti ársfjórðungur verði í takti við afkomu sama tímabils á fyrra ári og að áhrif á rekstur Haga verði svipuð og verið hefur. Afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið 2020/21 er því óbreytt og gerir ráð fyrir að EBITDA verði 8.100-8.600 millj. kr.

Efnahags- og lausafjárstaða Haga er sterk og er félagið vel í stakk búið til að takast á við ögrandi aðstæður í íslensku efnahagslífi. Fjármögnun félagsins er tryggð til langs tíma og er aðgangur að skammtímafjármögnun, að fjárhæð um 6,2 ma. kr., hjá viðskiptabanka einnig tryggð. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 15.

Hlutfé og hluthafar

Skráð hlutfé félagsins nam í lok tímabilsins 1.181 millj.kr. en félagið á eigin hluti að nafnverði 9,2 millj.kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda.

Hluthafar voru 684 í byrjun tímabilsins og 708 í lok þess.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra gefur samandreginn árshlutareikningur glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 30. nóvember 2020, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 30. nóvember 2020 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Stjórn og forstjóri Haga hf. hafa í dag farið yfir árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 30. nóvember 2020 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 14. janúar 2021

Stjórn:

Davíð Harðarson, formaður

Eiríkur S. Jóhannsson, varaformaður

Eva Bryndís Helgadóttir, meðstjórnandi

Jensína Kristín Böðvarsdóttir, meðstjórnandi

Katrín Olga Jóhannesdóttir, meðstjórnandi

Forstjóri:

Finnur Oddson

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. mars 2020 til 30. nóvember 2020

Skýr.	Þriðji ársfjórðungur		Þrjár ársfjórðungar	
	2020 1.9.-30.11.	2019 1.9.-30.11.	2020 1.3.-30.11.	2019 1.3.-30.11.
Vörusala	29.787	28.240	88.952	87.744
Kostnaðarverð seldra vara	(23.392)	(21.970)	(69.461)	(68.372)
Framlegð	<u>6.395</u>	<u>6.270</u>	<u>19.491</u>	<u>19.372</u>
Aðrar rekstrartekjur	96	121	279	385
Laun og launatengd gjöld	(3.197)	(2.991)	(9.537)	(9.014)
Annar rekstrarkostnaður	(1.347)	(1.187)	(3.970)	(4.007)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir	1.947	2.213	6.263	6.736
Afskriftir	7 (1.038)	(1.013)	(3.130)	(2.882)
Rekstrarhagnaður	909	1.200	3.133	3.854
Fjármunatekjur	9	25	42	138
Fjármagnsgjöld	(390)	(465)	(1.273)	(1.193)
Hrein fjármagnsgjöld	8 (381)	(440)	(1.231)	(1.055)
Áhrif hlutdeildarféлага	25	21	150	111
Hagnaður fyrir tekjuskatt	553	781	2.052	2.910
Tekjuskattur	(105)	(153)	(379)	(561)
Heildarhagnaður tímabilsins	<u>448</u>	<u>628</u>	<u>1.673</u>	<u>2.349</u>
Skipting hagnaðar:				
Hluthafar móðurfélags	448	628	1.676	2.349
Hlutdeild minnihluta	0	0	(3)	0
	<u>448</u>	<u>628</u>	<u>1.673</u>	<u>2.349</u>
Hagnaður á hlut:				
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	0,37	0,52	1,42	1,95
Starfsþáttayfirlit, skýring	17			

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Efnahagsreikningur 30. nóvember 2020

	Skýr.	30.11.2020	29.2.2020
Eignir			
Rekstrarfjármunir		23.407	21.985
Fjárfestingarfasteignir		4.332	4.386
Óefnislegar eignir		10.542	10.531
Leigueignir	14	8.582	9.435
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		1.226	1.166
Eignarhlutir í öðrum félögum		40	39
Skuldabréfaeign		1	12
Fastafjármunir samtals		<u>48.130</u>	<u>47.554</u>
Vörubirgðir	9	9.421	8.380
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		3.469	3.510
Viðskiptakröfur - greiðslukortakröfur		1.350	1.032
Handbært fé		1.373	2.232
Veltufjármunir samtals		<u>15.613</u>	<u>15.154</u>
Eignir samtals		<u><u>63.743</u></u>	<u><u>62.708</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		1.171	1.189
Yfirverðsreikningur hlutfjár		3.115	4.017
Lögbundinn varasjóður		293	297
Bundinn hlutdeildarreikningur		3.497	5.947
Óráðstafað eigið fé		17.267	13.136
Samtals		<u>25.343</u>	<u>24.586</u>
Hlutdeild minnihluta		(2)	1
Eigið fé samtals		<u>25.341</u>	<u>24.587</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi langtímaskuldir	10	12.030	12.182
Leiguskuldir	14	7.305	7.984
Tekjuskattsskuldbinding		2.955	2.196
Langtímaskuldir samtals		<u>22.290</u>	<u>22.362</u>
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	10	468	442
Skuldir við lánastofnanir	10	0	1.273
Tekjuskattur til greiðslu		556	579
Leiguskuldir	14	2.033	2.183
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	11	13.055	11.146
Skuldbindingar		0	137
Skammtímaskuldir samtals		<u>16.112</u>	<u>15.760</u>
Skuldir samtals		<u>38.402</u>	<u>38.122</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>63.743</u></u>	<u><u>62.708</u></u>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Eiginfjáryfirlit

1. mars 2020 til 30. nóvember 2020

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lög- bundinn varasjóður	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
Breytingar á eigin fé 1. mars til 30. nóvember 2020								
Eigið fé 1. mars 2020	1.189	4.017	297	5.947	13.136	24.586	1	24.587
Endurkaup á eigin bréfum	(18)	(902)				(920)		(920)
Heildarhagnaður tímabilsins					1.676	1.676	(3)	1.673
Breyting á varasjóð			(4)		4	0		0
Flutt af bundnum hlutdeildarreikning				(2.450)	2.450	0		0
Eigið fé 30. nóvember 2020	<u>1.171</u>	<u>3.115</u>	<u>293</u>	<u>3.497</u>	<u>17.267</u>	<u>25.343</u>	<u>(2)</u>	<u>25.341</u>
Breytingar á eigin fé 1. mars til 30. nóvember 2019								
Eigið fé 1. mars 2019	1.213	5.023	303	5.092	12.648	24.279	0	24.279
IFRS 16, áhrif innleiðingar					(559)	(559)		(559)
Endurkaup á eigin bréfum	(17)	(702)				(719)		(719)
Heildarhagnaður tímabilsins					2.349	2.349		2.349
Breyting á varasjóð			(4)		4	0		0
Hlutdeild minnihluta við yfirtöku á dótturfélagi					0	0	1	1
Greiddur arður, 0,955 kr. á hlut					(1.159)	(1.159)		(1.159)
Flutt á bundinn hlutdeildarreikning				110	(110)	0		0
Eigið fé 30. nóvember 2019	<u>1.196</u>	<u>4.321</u>	<u>299</u>	<u>5.202</u>	<u>13.174</u>	<u>24.192</u>	<u>1</u>	<u>24.193</u>

Þann 9. júní 2020 samþykkti aðalfundur félagsins að ekki yrði greiddur arður til hluthafa vegna síðastliðins árs. Aðalfundur samþykkti að lækka hlutafé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 32,7 millj. kr. Lækkunin kom til framkvæmda þann 3. júlí 2020 og lækkaði hlutafé Haga því úr 1.213 millj. kr. að nafnverði í 1.181 millj. kr. að nafnverði.

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Sjóðstreymisýfirlit

1. mars 2020 til 30. nóvember 2020

	Skýr.	Þriðji ársfjórðungur		Þrír ársfjórðungar	
		2020 1.9.-30.11.	2019 1.9.-30.11.	2020 1.3.-30.11.	2019 1.3.-30.11.
Rekstrarhreyfingar					
Hagnaður tímabilsins		448	628	1.673	2.349
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Söluhagnaður rekstrarfjármuna		(2)	(23)	(3)	(53)
Afskriftir	7	1.038	1.013	3.130	2.882
Hrein fjármagnsgjöld	8	381	440	1.231	1.055
Aðrir liðir		0	46	0	0
Áhrif hlutdeildarfélagana		(25)	(21)	(150)	(111)
Tekjuskattur		105	153	379	561
Veltufé frá rekstri		1.945	2.236	6.260	6.683
Breytingar á rekstartengdum eignum		(828)	51	(1.329)	2.682
Breytingar á rekstartengdum skuldum		1.697	(519)	2.444	721
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		2.814	1.768	7.375	10.086
Innheimtar vaxtatekjur		36	13	53	67
Greidd vaxtagjöld		(308)	(406)	(925)	(1.135)
Greiddur tekjuskattur		(214)	(109)	(572)	(343)
Handbært fé frá rekstri		2.328	1.266	5.931	8.675
Fjárfestingarhreyfingar					
Kaup á dótturfélögum, að frádr. yfirteknu handbæru fé		0	(65)	0	(65)
Fjárfesting í öðrum félögum		(1)	0	(1)	0
Fjárfesting í fasteignum		(353)	(427)	(1.694)	(770)
Fjárfesting í fjárfestingarfasteignum		(6)	(13)	(17)	(46)
Fjárfesting í áhöldum og innréttingum		(502)	(607)	(1.357)	(1.857)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		(31)	(18)	(41)	(23)
Söluverð áhalda og innréttinga		19	57	58	111
Skuldabréfaeign, breyting		(10)	(37)	28	(60)
Mótttekinn arður		90	44	90	146
Fjárfestingarhreyfingar		(794)	(1.066)	(2.934)	(2.564)
Fjármögnunarahreyfingar					
Afborganir langtímalána		(117)	(6.867)	(344)	(7.579)
Breyting á lánalínu		0	0	(1.273)	(800)
Greiddur arður		0	0	0	(1.159)
Nýjar vaxtaberandi skuldir		0	8.000	0	8.000
Keypt eigin bréf		(500)	(255)	(920)	(719)
Leiguskuld afborganir		(433)	(472)	(1.319)	(1.225)
Fjármögnunarahreyfingar		(1.050)	406	(3.856)	(3.482)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		484	606	(859)	2.629
Handbært fé í upphafi tímabils		889	2.759	2.232	736
Handbært fé í lok tímabils		1.373	3.365	1.373	3.365

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Skýringar

1. Félagið

Hagar hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hagasmára 1, Kópavogi. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. mars 2020 til 30. nóvember 2020 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Aðalstarfsemi félagsins er rekstur smásöluverslana og sala á eldsneyti. Yfirlit yfir félög í samstæðunni má finna í skýringu 12.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 29. febrúar 2020.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn þann 14. janúar 2021.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem lauk í febrúar 2020. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.hagar.is.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþættir samstæðunnar eru tveir, verslanir og vöruhús annars vegar og Olís hins vegar. Starfsemi verslana og vöruhúsa, þ.e. rekstur þeirra félaga sem mynduðu samstæðuna fyrir samruna Haga og Olís, er nær eingöngu í smásölurekstri matvöru á Íslandi. Stjórnendur hafa hingað til metið smásöluverslun eftir mismunandi tegundum verslana og landsvæðum og líta svo á að hún byggist á sambærilegum efnahagslegum einkennum, vörum, viðskiptavinum og birgjum. Heildsölurekstur matvöru og smásölurekstur sérvöru er óverulegur og undir þeim tekju-, hagnaðar- og eignamörkum sem hafa ber til viðmiðunar við gerð starfsþáttayfirlits samstæðunnar. Starfsemi Olís er að stærstum hluta í sölu eldsneytis og þjónustu sem því tengist.

Starfsþáttayfirlitið má finna í skýringu 17.

6. Viðskiptavild

Engar vísbendingar voru um virðisrýrnun viðskiptavildar þann 30. nóvember 2020 og vegna þess var virðisrýrnunarpróf ekki framkvæmt.

Skýringar, frh.:

7. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:	2020	2019
	1.3.-30.11.	1.3.-30.11.
Afskriftir rekstrarfjármuna	1.693	1.531
Afskriftir fjárfestingarfasteigna	71	65
Afskriftir leigueigna	1.336	1.250
Afskriftir óefnislegra eigna	30	36
Afskriftir samtals	3.130	2.882

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum	42	83
Gengishagnaður	0	55
Fjármunatekjur samtals	42	138
Vaxtagjöld og verðbætur	(769)	(774)
Vaxtagjöld leiguskuldar	(395)	(419)
Gengistap	(109)	0
Fjármagnsgjöld samtals	(1.273)	(1.193)
Hrein fjármagnsgjöld	(1.231)	(1.055)

9. Vörubirgðir

Vörubirgðir greinast þannig:

	30.11.2020	29.2.2020
Matvara	5.276	4.111
Sérvara	2.325	1.839
Eldsneyti	1.493	2.130
Vörur í flutningi	327	300
Vörubirgðir samtals	9.421	8.380
Niðurfærsla birgða í lok tímabils	204	168

10. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

	Vegið meðaltal vaxta		Eftirstöðvar	Eftirstöðvar
	30.11.2020	29.2.2020	30.11.2020	29.2.2020
Skuldir í ISK, óverðtryggðar	2,85%	4,17%	6.967	7.171
Skuldir í ISK, verðtryggðar	2,80%	2,80%	5.531	5.453
Lánalína		-	0	1.273
Vaxtaberandi skuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun			12.498	13.897
Næsta árs afborganir vaxtaberandi skulda			(468)	(1.715)
Langtímaskuldir samtals			12.030	12.182

Afborganir vaxtaberandi skulda greinast þannig á næstu ár:

Afborganir innan árs	468	1.715
Afborganir eftir 1 til 2 ár	2.971	2.946
Afborganir eftir 2 til 3 ár	474	452
Afborganir eftir 3 til 4 ár	466	458
Afborganir eftir 4 til 5 ár	450	449
Afborganir síðar	7.669	7.877
Samtals	12.498	13.897

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda er jafnt bókfærðu virði þeirra.

Skýringar, frh.:

11. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	30.11.2020	29.2.2020
Viðskiptaskuldir	10.662	8.926
Aðrar skammtímaskuldir	2.342	2.105
Afleiðusamningar	51	115
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	<u>13.055</u>	<u>11.146</u>

12. Félög í samstæðu

Dótturfélög í samstæðu Haga hf. voru sjö í lok tímabilsins. Dótturfélögin eru eftirfarandi:

	Staðsetning	Eignarhlutur	
		30.11.2020	29.2.2020
Hagar verslanir ehf.	Ísland	100%	100%
Oliuverzlun Íslands ehf. (Olís)	Ísland	100%	100%
Banar ehf.	Ísland	100%	100%
Noron ehf.	Ísland	100%	100%
FKV ehf. (áður Ferskar kjötvörur ehf.)	Ísland	100%	100%
Mjöll Frigg ehf.	Ísland	100%	100%
Reykjavíkur Apótek ehf.	Ísland	90%	90%

Mjöll Frigg ehf. er dótturfélag Olís. Rekstur Ferskra kjötvara ehf. var seldur til Haga verslana ehf. í lok rekstrarárs 2019/20, þegar Aðföng tók yfir reksturinn. Félagið heitir í dag FKV ehf. en í því er engin starfsemi.

13. Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:

	2020	2019
Rekstur:	1.3.-30.11.	1.3.-30.11.
Rekstrarhagnaðarhlutfall (rekstrarhagnaður fyrir afskriftir / vörusölu)	7,0%	7,7%
Launahlutfall (laun og launatengd gjöld / vörusölu)	10,7%	10,3%
Kostnaðarhlutfall (annar rekstrarkostnaður / vörusölu)	4,5%	4,6%
Veltuhraði birgða (kostnaðarverð seldra vara / meðalbirgðastaða)	10,2	10,4
Innheimtutími viðskiptakrafna í dögum	9,9	14,7
Efnahagur:	30.11.2020	29.2.2020
Veltufjárhlutfall (veltufjármunir / skammtímaskuldir)	0,97	0,96
Lausafjárhlutfall ((veltufjármunir-birgðir) / skammtímaskuldir)	0,38	0,43
Skuldsetning (nettó vaxtaberandi skuldir / rekstrarhagnaður fyrir afskriftir)	2,43	2,46
Eiginfjárhlutfall (eigið fé / heildareignir)	39,8%	39,2%
Innra virði hlutafjár (eigið fé / hlutafé)	21,64	20,68

Skýringar, frh.:

14. Leigugeignir og leiguskuldir

Leigugeignir og leiguskuldir samstæðunnar sem leigutaka eru eingöngu vegna húsnæðis. Leigugeignir og leiguskuldir vegna lóðaleigusamninga eru ekki færðar. Við útreikning fjárhæða leigugeigna og leiguskulda var lagt mat á leigutíma og vexti á nýju lánsfé enda var ekki unnt að ákvarða innbyggða vexti í leigusamningum með áreiðanlegum hætti. Vegnir meðalvextir voru ákvarðaðir 5,45%. Við mat á leigutíma er horft til samningstíma, að teknu tilliti til áforma stjórnenda.

Leigugeignir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:

Leigugeignir 1. mars 2020	9.435
Nýir samningar á tímabilinu	27
Verðbætur á tímabilinu	278
Afskriftir tímabilsins	(1.336)
Aðrar breytingar samninga á tímabilinu	187
Kaupleigusamningar, breytingar á tímabilinu	(9)
Leigugeignir 30. nóvember 2020	<u>8.582</u>

Leiguskuldir 1. mars 2020	10.167
Nýir samningar á tímabilinu	27
Afborgunarpáttur leigugreiðslna	(1.319)
Verðbætur á tímabilinu	278
Aðrar breytingar samninga á tímabilinu	187
Kaupleigusamningar, breytingar á tímabilinu	(2)
Leiguskuldir 30. nóvember 2020	<u>9.338</u>

30.11.2020

Afborganir innan árs	2.033
Afborganir síðar	7.305
Samtals	<u>9.338</u>

15. Áhrif COVID-19 heimsfaraldursins

Hagar og dótturfélög þess hafa ekki farið varhluta af áhrifum COVID-19 faraldursins á yfirstandandi rekstrarári. Afkoma samstæðunnar á fyrri árshefningi var ásættanleg eftir mjög erfiðan fyrsta ársfjórðung þegar fyrsta bylgja faraldursins var í hámarki. Áhrifa faraldurs COVID-19 gætti á öllum sviðum rekstrar Haga á þriðja ársfjórðungi, sem einkenndist af áframhaldandi tekjuvexti í dagvöruhluta samstæðunnar en tekjusamdrætti hjá Olís líkt og undanfarna mánuði. Framlegð samstæðunnar var undir væntingum auk þess sem rekstrarkostnaður hefur hækkað vegna faraldursins.

Afkoma desembermánaðar var umfram væntingar og má gera ráð fyrir að síðasti ársfjórðungur verði í takti við afkomu sama tímabils á fyrra ári og að áhrif á rekstur Haga verði svipuð og verið hefur. Afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið 2020/21 er því óbreytt og gerir ráð fyrir að EBITDA verði 8.100-8.600 millj.

Efnahags- og lausafjárstaða Haga er sterk og er félagið vel í stakk búið til að takast á við ögrandi aðstæður í íslensku efnahagslífi. Fjármögnun félagsins er tryggð til langs tíma og er aðgangur að skammtímafjármögnun, að fjárhæð um 6,2 ma. kr., hjá viðskiptabanka einnig tryggð.

Gripið hefur verið til margvíslegra aðgerða til að tryggja öryggi og heilsu starfsfólks, viðskiptavina og annarra samstarfsaðila samstæðunnar. Aðgerðirnar skipta miklu máli því stór hluti af starfsemi samstæðunnar, s.s. matvöruverslanir og tengd vöruhús, ásamt sölustöðum eldsneytis, gegna stóru hlutverki í innviðastarfsemi landsins, sérstaklega í krefjandi aðstæðum sem þessum.

Skýringar, frh.:

16. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins eru stórir hluthafar í félaginu, hlutdeildarfélag þess, lykilstjórnendur og stjórnarmenn. Viðskipti á milli félagsins og dótturfélaga þess, sem eru skilgreind sem tengdir aðilar, hafa verið færð út í samstæðureikningsskilum og eru ekki hluti af þessari skýringu.

Viðskipti við tengda aðila

Viðskipti við tengda aðila greinast þannig:

	2020	2019
	1.3.-30.11.	1.3.-30.11.
Seldar vörur og þjónusta	81	64
Keyptar vörur og þjónusta	1.182	1.358
Viðskiptakröfur í lok tímabils	1	34
Viðskiptaskuldir í lok tímabils	136	161

Heildaráhrif vegna starfslokagreiðslna og lotunar á samningsbundnum starfslokakostnaði nemur um 182 millj. kr. á tímabilinu, sem er gjaldfært meðal launa og launatengdra gjalda. Þar af eru 86,4 millj. kr. vegna starfsloka fyrirverandi forstjóra.

Skýringar, frh.:

17. Starfspáttayfirlit

	Verslanir og vöruhús	Olís	Jöfnunar- færslur	Samtals
Fyrstu 9 mánuðir 2020/21	1.3.-30.11.	1.3.-30.11.	1.3.-30.11.	
Vörusala	65.592	23.598	(238)	88.952
Aðrar rekstrartekjur	178	101	0	279
Heildartekjur starfspáttá	65.770	23.699	(238)	89.231
Heildarrekrargjöld starfspáttá	(60.364)	(22.842)	238	(82.968)
EBITDA starfspáttá	5.406	857	0	6.263
Afskriftir starfspáttá	(2.329)	(801)	0	(3.130)
Áhrif hlutdeildarféлага	0	150	0	150
Rekstrarafkoma starfspáttá	3.077	206	0	3.283
Hrein fjármagnsgjöld	(992)	(239)	0	(1.231)
Tekjuskattur				(379)
Hagnaður tímabilsins				1.673

30. nóvember 2020

Eignir starfspáttá	45.600	18.143	0	63.743
Eignir samtals				63.743
Skuldir starfspáttá	28.962	9.440	0	38.402
Skuldir samtals				38.402
Fjárfestingar starfspáttá	2.660	392	0	3.052

	Verslanir og vöruhús	Olís	Jöfnunar- færslur	Samtals
Fyrstu 9 mánuðir 2019/20	1.3.-30.11.	1.3.-30.11.	1.3.-30.11.	
Vörusala	58.542	29.429	(227)	87.744
Aðrar rekstrartekjur	325	60	0	385
Heildartekjur starfspáttá	58.867	29.489	(227)	88.129
Heildarrekrargjöld starfspáttá	(53.909)	(27.711)	227	(81.393)
EBITDA starfspáttá	4.958	1.778	0	6.736
Afskriftir starfspáttá	(2.232)	(650)	0	(2.882)
Áhrif hlutdeildarféлага	0	111	0	111
Rekstrarafkoma starfspáttá	2.726	1.239	0	3.965
Hrein fjármagnsgjöld	(857)	(198)	0	(1.055)
Tekjuskattur				(561)
Hagnaður tímabilsins				2.349

30. nóvember 2019

Eignir starfspáttá	43.179	18.122	0	61.301
Eignir samtals				61.301
Skuldir starfspáttá	27.726	9.382	0	37.108
Skuldir samtals				37.108
Fjárfestingar starfspáttá	1.248	1.337	0	2.585